

sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til kl. 1700 miðvikudaginn 20. ágúst nk.

Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

**Úrskurðarorð:**

Kærði, Hinrik Jón Þórisson, skal sæta gæsluvarðhaldi til kl. 1700 miðvikudaginn 20. ágúst 1980.

Þriðjudaginn 19. ágúst 1980.

Nr. 131/1980. **Ákærvaldið**

gegn

**Magnúsi Helga Kristjánssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. ágúst 1980, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

**D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 12. ágúst 1980.**

Ár 1980, þriðjudaginn 12. ágúst, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins

að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Magnús Helgi Kristjánsson, fæddur 3. maí 1955, til heimilis að Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, var handtekinn af fíkniefna-deild Reykjavíkurlögreglu í gærkvöldi, um kl. 2210, við verslun-ina Glæsibæ við Álfheima, en þar var hann í leigubifreið ásamt þeim Halldóri Lárusi Péturssyni, fæddum 6. mars 1958, og Sig-urði Stefáni Almarssyni, fæddum 30. ágúst 1956. Grunur lék á, að þeir hefðu fíkniefni undir höndum, og er lögreglumenn stöðv-uðu leigubifreið þá, er þeir voru farþegar í, hlupu nefndur Halldór Lárus og Sigurður Stefán á brott og komust undan. Nefndur Magnús Helgi var handtekinn sem áður greinir, og við leit á hon-um fundust tveir vasahnífar, sem báru þess greinileg merki, að þeir höfðu verið notaðir við meðhöndlun hassolíu og á hnífs-blöðum ætluð hassolía. Þá fannst einnig á nefndum Magnúsi Helga tóbaksblanda, sem talin var innihalda hassolíu. Var nefnd-ur Magnús Helgi síðan fluttur í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík. Lögreglumenn, er handtóku Magnús Helga, báru kennsl á Halldór Lárus sem annan þeirra, er flúið höfðu af vett-vangi.

Nafngreindur leigubifreiðarstjóri, er ekið hafði þeim þremenn-ingum í umrætt sinn, staðfesti við yfirheyrslu hjá lögreglu og síðan hér í dómi í dag, að þeir þremenningar hefðu verið með hassolíu og boðið sér til sölu 3 gr á kr. 150.000 hvert gramm og þeir mælt sér mót við Glæsibæ kl. 2200 og þeir verið að hand-leika efni, er lögreglu bar að.

Lögreglumenn héldu síðan að Ljósheimum 14 hér í borg, en þar er búsettur nefndur Halldór Lárus. Við húsleit, er þar var framkvæmd skv. dómsúrskurði, fundust ýmis gögn tengd fíkn-iefnameðhöndlun og sem hér segir:

- 1) 1 stk. drykkjarstaup atað ætlaðri hassolíu, ætluð hassolía, talin vega 1/2 gr.
- 2) 1 stk. glas með ætlaðri hassolíu, 1½ gr.

Voru ofangreind efni falin í svefnbekk í herbergi Halldórs Lár-usar. Móðir Halldórs Lárusar var í nefndri íbúð að Ljósheimum 14 og vísaði á og heimilaði fyrir sitt leyti leit að sakargögnum í herbergi Halldórs Lárusar að honum fjarverandi. Kvað hún Halldór Lárus hafa komið hingað til lands frá Kaupmannahöfn sl. laugardag.

Magnús Helgi Kristjánsson var í morgun yfirheyrður hjá

fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu og laust fyrir hádegi hér í dómi.

Nefndur Magnús kvaðst hafa verið skipverji á togaranum Karlsefni sl. tvær veiðiferðir, en tekið sér frí sl. þriðjudag. Kvaðst Magnús Helgi í gærðag hafa verið við áfengisdrykkju og í miðbæ Reykjavíkur hitt þá Halldór Lárus Pétursson og Sigurð Stefán Almarsson. Hafi þeir þrír haldið heim til Halldórs Lárusar að Ljósheimum 14 og þar neytt áfengis, en jafnframt neytt af hassolíu, er Halldór Lárus hafi átt. Kvaðst Magnús Helgi ekki hafa séð, í hvernig umbúðum Halldór Lárus hafi geymt hassolíuna, en hún verið blönduð í reyktóbak og hafi hann fengið dálítið af slíku hjá Halldóri, en það efni fundist á sér við handtöku. Magnús Helgi kvað þá féлага síðan hafa ákveðið að halda á dansleik í veitingahúsinu Óðali og því gengið niður að veitingahúsinu Glæsibæ og þar tekið leigubifreið og óskað eftir því, að þeim yrði ekið í miðbæinn, en lögreglu borið að í sömu svifum.

Aðspurður neitaði Magnús Helgi að hafa komið nálægt dreifingu fíkniefna á undanförnum misserum. Þá kvaðst Magnús Helgi sl. vor hafa farið ásamt Halldóri Lárusi í skemmtiferð til Kanaríeyja, en engin fíkniefni hafa flutt hingað til lands úr þeirri ferð.

Áðurnefndur Sigurður Stefán Almarsson var handtekinn laust fyrir hádegi í morgun og þá yfirheyrður hjá fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglu. Kvaðst Sigurður Stefán hafa verið með þeim Magnúsi Helga Kristjánssyni og Halldóri Lárusi Péturssyni í miðbæ Reykjavíkur í gær, en tapað af þeim og haldið heim til Halldórs Lárusar í Ljósheima um kl. 2100. Ekki kvaðst hann hafa orðið var við neina fíkniefnameðhöndlun hjá þeim Magnúsi og Halldóri Lárusi. Skömmu síðar hafi hann haldið ásamt þeim út í einhverja leigubifreið og Magnús Helgi verið að ræða um hass við bifreiðarstjóran, er lögreglu bar að. Kvaðst Sigurður Stefán hafa flúið og þá fyrst og fremst til þess að losna við „að sitja í fangageymslu“ um nóttina. Kvaðst hann ásamt Halldóri Lárusi hafa flúið út í móa austan við Skeifuna og þar hafst við til um kl. 0100, en þaðan haldið að heimili Halldórs Lárusar og leiðir þeirra þá skilið.

Neitaði Sigurður Stefán staðfastlega allri fíkniefnameðhöndlun og kvaðst saklaus af slíkum áburði.

Fimm nafngreindir aðiljar hafa á undanförnum mánuðum borið um fíkniefnaviðskipti við Magnús Helga, og er þar um að ræða sölu Magnúsar á ýmsum tegundum kannabisefna, svo sem hass, marihuana og hassolíu.

Þá hafa fíkniefnadeild borist upplýsingar frá aðiljum, er ekki vilja láta nafns síns getið, þess efnis, að Halldór Lárus og Magnús Helgi flyttu inn hassolíu með tilgreindum flutningsaðferðum. Þess utan liggja fyrir hjá lögreglu fjölmargar ábendingar um stórfellda dreifingu Magnúsar Helga á kannabisefnum á undanfórnum misserum, en Magnús Helgi hefur lýst sig saklausan af slíku.

Þá liggur fyrir, að Magnús Helgi fór með togaranum Karlsefni, er sigldi til hafnar í Þýskalandi, og mun hafa komið hingað til lands 23. júlí sl.

Enn hefur ekki tekist að ná til nefnds Halldórs Lárusar Péturssonar, en hann hringdi fyrir stundu til fíkniefnadeildar lögreglu og hafði þá í hótunum, en kvaðst ekki mundu mæta hjá lögreglu eða hér í dómi.

#### NIÐURSTÖÐUR.

Samkvæmt ofansögðu er rannsókn á ætluðu fíkniefnamisferli Magnúsar Helga Kristjánssonar á algeru frumstigi. Eftir er með vissu að ná til og yfirheyra fjölmarga, er tengjast rannsókn máls þessa, og því rannsóknarlega brýnt að hindra, að ofangreindur Magnús Helgi nái að spilla eða torvelda rannsókn. Fjölmargir aðiljar hafa borið um dreifingu Magnúsar Helga á fíkniefnum á undanfórnum misserum, en hann neitar sökum.

Verið er að rannsaka ætluð brot Magnúsar Helga Kristjánssonar gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, og gæti því sök, ef sönnuð reyndist, varðað fangelsisrefsingu. Þykja því ekki ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Með vísan til þess og annars ofanritaðs auk 1. töluliðar, 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsyn til bera í þágu rannsóknar máls þessa að gera Magnúsi Helga Kristjánssyni að sæta gæsluvarðhaldi, er telst hæfilega ákveðið allt að 20 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Magnús Helgi Kristjánsson, fæddur 3. maí 1955, til heimilis að Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.